



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 12. apríl 2021


Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991 (undanþága frá viðbótarvernd), 616. mál.

Samtök iðnaðarins („samtökin“) fengu til umsagnar frumvarp til breytinga á einkaleyfalögum nr. 17/1991. Með frumvarpinu er brugðist við breytingum sem urðu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins EB 469/2009 um vottorð og viðbótarvernd fyrir lyf og tók í gildi í Evrópusambandinu þann 1. júlí 2019. Í frumvarpinu er lagt til að breyta lögum um einkaleyfi þannig að íslensk einkaleyfalög verði efnislega í samræmi við reglugerðina þar sem veitt er undanþága til að hefja framleiðslu og útflutning á samheitalyfjum út fyrir EES-svæðið á meðan viðbótarvottorð er í gildi. Samtökin fagna frumvarpinu þar sem afar mikilvægt er að fá undanþáguákvæðin innleidd sem fyrst í landslög til tryggja samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja sem nú starfa eftir strangara regluverki en samkeppnisaðilar þeirra innan Evrópu og þar með styrkja stöðu samheitalyfjaframleiðenda á Íslandi.

Samtökin vísa til fyrri umsagna samtakanna frá 5. janúar sl. um áform um lagasetningu og frá 5. mars sl. um drög að frumvarpinu og leggja áherslu á að breytingarnar muni styrkja umgjörð nýsköpunar á Íslandi og leiða til þess að varðveita og fjölga störfum á Ísland, skapa útflutningsverðmæti og efla samkeppnishæfni íslenskra samheitalyfjafyrirtækja, sem eru í harðri alþjóðlegri samkeppni.

Samtökin ítreka stuðning sinn við frumvarpið þar sem breytingin bætir starfsskilyrði samheitalyfjaframleiðenda hér á landi og þar með útflutningshagsmuni Íslands. Einnig mun breytingin koma í veg fyrir að störf flytjist úr landi.

Virðingarfyllst


Björg Ásta Þórðardóttir
Yfirlögfræðingur Samtaka iðnaðarins